

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 4. desember 2016

Mættir eru: Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson, Þormar Ellert Jóhannsson og Jóhannes Gissurarson.

Formaður setur fund og býður fundargesti velkomna.

Jóhannes leggur fram uppgjör fjallskila haustið 2016. Áætluð dagsverk voru 90 og unnin dagsverk einnig 90. Ákveðið var að umreikna fjallskil upp í 100 dagsverk, er það gert vegna þess að björgunarsveitin Lífgjöf hefur fengið greitt fyrir þau dagsverk sem út af standa, í staðinn fyrir að skaffa bíl í afréttarferðir. Þar af leiðandi fær Lífgjöf greitt fyrir 10 dagsverk. Daggjald er 13.835 x 10 dagsverk, fær þá Lífgjöf 138.350 kr. Þetta haustið, en var bílnum ekið 970 km. Akstur annarra ökutækja þetta haust var 670 km en kemur hann ekki til greiðslu á þessu uppgjöri.

Uppgjörið skoðast samþykkt

Páll Eggertsson fer á fund við sveitarstjórn Skaftárhrepps og leggur fram fjárhagsáætlun fyrir 2017. Áætluð eru 150.000-200.000 kr. til viðhalds mannvirkja. Fundurinn var haldinn 4. október 2016.

Fundargerð samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson